158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 313 — 158. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2026 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) og nr. 287/2026 um breytingar á bókun 10 um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflutninga og bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá utanríkisráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirfarandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2026 frá 25. september 2026 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn og að fella inn í samninginn eftirfarandi gerðir:
   a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 frá 10. maí 2023 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis.
   b. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2025/2083 frá 8. október 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/956 að því er varðar að einfalda og styrkja aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2026 frá 25. september 2026 um breytingu á bókun 10 við EES-samninginn um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflutninga og bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.

Framsetning tillögunnar telst að mati meiri hlutans vera í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Diljá Mist Einarsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. október 2026.

Sigurður Helgi Pálmason, 1. varaform. — Dagbjört Hákonardóttir, frsm. — Pawel Bartoszek.

Valdimar Breiðfjörð Birgisson. — Víðir Reynisson.